



Áveitan

2. tbl. 19. árgangur. Febrúar 2026

Þorrablótsballið

Í Þingborg laugardaginn
7. febrúar.

Hljómsveitin Sveitamenn
leikur fyrir dansi

Selt verður inn á ballið frá
klukkan 23:00

Ballmiði kostar 4000 kr.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill frá oddvita sveitarstjórnar Flóahrepps



Kæru sveitungar. Í pistil mínum í júlí síðastliðnum skrifaði ég „sumarið er tíminn“ en þá átti ég ekki von á að sumarið entist fram á þorra en það liggur nærri veðurfarslega að svo hafi farið. En við kvörtum ekki undan því heldur fögnum við því að geta áhyggjulaus farið allra okkar ferða þegar okkur hentar. Sveitarsjóður nýtur góðs af og kostnaður við snjómokstur og hálkuvarnir lítill það sem af er vetri.

Störf sveitarstjórnar fóru rólega af stað fyrstu daga nýs árs en svo tók við rútínan með hinum ýmsu fundum og vinnu við að undirbúa verkefnin framundan sem öll byggja á ákvörðunum sem teknar voru við gerð og samþykkt fjárhagsáætlunar undir lok liðins árs.

Helstu framkvæmdir.

Í Þingborg hafa staðið yfir miklar breytingar mest í salnum auk annarra minni háttar breytinga með það að leiðarljósi að húsið þjóni betur þeirri notkun sem í því er. Verkið er á loka metrnum og tókst það að mínu mati ljómandi vel þó það hafi vissulega tekið aðeins lengri tíma en ætlað var í upphafi. Við sveitungarnir náum að blóta þorra þann 7. febrúar í stækkuðum vel heppnuðum sal þar sem allir koma vonandi til með að skemmta sér vel.

Á Þingborgar svæðinu eru hafnar framkvæmdir við gatnagerð í fyrsta áfanga íbúðasvæðis og er stefnt á að þeim ljúki fyrri part sumars. Í tengslum við það er nú unnið að gerð og uppfærslu reglna sem þurfa að vera til taks þegar kemur að úthlutun lóða á svæðinu sem stefnt er á að auglýsa með vorinu.

Stækkun á húsnæði Flóaskóla stendur fyrir dyrum, hönnun húsnæðis má heita lokið og í undirbúningi að kalla eftir verðum í gerð verkfræðihönnunar en vonir standa til að hægt verði að hefja framkvæmdir á holtinu í sumarlokun Flóaskóla.

Í Þjórsárveri stendur til að fara í endurnýjun á klæðningu á komandi sumri og undirbúningur þess verkefnis að fara í gang. Af þessu öllu má sjá að það verða ærin verkefni hjá starfsfólki sveitarfélagsins á árinu. En auk þessara framkvæmda verður sinnt öðrum eðlilegum viðhaldsverkefnum og umhirðu eins og þarf á hverju ári. Það er ljóst að hvergi má slaka á þar sem íbúum Flóahrepps fjölgar jafnt og þétt og má heita að á hverjum fundi sveitarstjórnar komi fram ný áform um uppbyggingu af einhverju tagi, er það vel að áhugi sé fyrir hendi að setja sig niður hér og tökum við öllum nýjum íbúum fagnandi hvort sem þeir fæðast hér eða flytja inn á svæðið.

Með ósk um að þið eigið öll gæfuríka framtíð í áframhaldandi sól í Flóa

Árni Eiríksson, oddviti sveitarstjórnar Flóahrepps



Stjörnuleikar - Íþróttaskemmtun fyrir börn með sér - og stuðningsparfir

Laugardaginn 7. febrúar verða Stjörnuleikarnir haldnir í íþróttahúsinu Vallaskóla.

Stjörnuleikarnir eru íþróttæfing / kynning þar sem börn með sér og stuðningsparfir eru sérstaklega velkomin að prófa fjölbreyttar greinar.

Leikarnir eru settir upp eins og stór stöðvaþjálfun þar sem hver hópur prófar allskyns leiki og sprell og allir taka þátt (foreldrar, systkini og vinir).

Þetta er frábært tækifæri fyrir börn sem hafa ekki fundið sig í hefðbundnu íþrótt- og tómstundastarfi að koma og prófa eitt-

STJÖRNULEIKAR

Á SUÐURLANDI

7 FEBRÚAR

KL. 13

ALLIR MEÐ

Íþróttaskemmtun fyrir börn með sér og stuðningsparfir

Hægt verður að prófa ýmsar íþróttagreinar og leiki
Afreksíþróttafólk og Sóli lukkudýr Allir með mæta á svæðið
7. febrúar | kl. 13:00-14:30 í íþróttahúsinu Vallaskóla á Selfossi

Fjör í Flóa

15-16. maí 2026

Lumar þú nokkuð á



• Skemmtilegum hugmyndum ?



• Langar þig að hafa opið hús ?



• Fallegu handverki til sölu eða sýnis ? Sölubásar á staðnum



• Afurðum beint frá býli ?



• Gömlum landbúnaðartækjum eða dráttarvélum ?

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ HEYRA

FRÁ ÞÉR

RÚNAR S.898-1535

HARPA S.848-7713

SIGRÚN S.862-1574



Finndu okkur á : FB Fjör í Flóa & Instagram Menning í Flóa



Kvenfélögin í
Flóahreppi

HEILSUEFLANDI
samtök
væðingarmanna



Messur í kirkjunum í Flóahreppi fram til vors

15. febrúar. Sunnudagur í föstuinngangi.

Messa í Hraungerðiskirkju kl. 14.00.

Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir, Pétur Nói Stefánsson kantor.

15. mars. 4. sunnudagur í föstu.

Messa í Villingaholtskirkju kl. 14.00.

Prestur sr. Anna Eiríksdóttir, Pétur Nói Stefánsson kantor.

22 mars, 5. sunnudagur í föstu.

Messa í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14.00.

Prestur sr. Gunnar Jóhannesson, Pétur Nói Stefánsson kantor

5. apríl. Páskadagur.

Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 14.00.

Prestur sr. Gunnar Jóhannesson, Pétur Nói Stefánsson kantor

6. apríl. Annar í páskum.

Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11.00.

Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík, Pétur Nói Stefánsson kantor

6. apríl. Annar í páskum.

Hátíðarmessa í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14.00.

Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík, Pétur Nói Stefánsson kantor.

24. maí. Hvítasunnudagur.

Fermingarmessa í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14.00.

Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir, Pétur Nói Stefánsson kantor.

24. maí. Hvítasunnudagur.

Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11.00.

Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir, Pétur Nói Stefánsson kantor.

25. maí. Annar í hvítasunnu.

Fermingarmessa í Villingaholtskirkju kl. 14.00.

Prestur sr. Anna Eiríksdóttir, Pétur Nói Stefánsson kantor



Fundarboð Framfaralastans

Fundur verður í Þingborg litla sal mánudaginn

9. febrúar kl 20:30

Fulltrúar Framfaralastans í sveitarstjórn boða til fundar með stuðningsmönnum sínum og öðrum áhugasömum íbúum sem vilja vinna að því með okkur að gera gott samfélag enn betra.

Farið verður yfir það hvernig hefur gengið að ná þeim markmiðum sem sett voru á oddinn í aðdraganda kosninga 2022.

Hvað er helst í farvatninu og á döfinni á þessu ári.
Samtal um framtíðina, hvernig gerum við gott samfélag enn betra?

Með von um að sem flestir sjái sér fært að mæta og taka samtalið við okkur.

*Fyrir hönd Framfaralastans
Árni, Hulda og Walter*

Fréttir úr Flóaskóla

Líf og starf í skólanum hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði síðustu vikur. Við gleðjumst yfir því að íþróttakennsla er að hefjast aftur í Þingborg eftir að hafa farið fram í Félagslundi það sem af er skólaársins. Það verður spennandi að nota þennan stóra glæsilega sal sem Þingborg skartar nú af.



Nemendur í 5 bekk ásamt Eyjólfí Eyjólfssyni vinna nú af kappi að langspilasmíðum. Þetta er sjöundi veturinn sem langspilaverkefnið er unnið í Flóaskóla og má því með sannri segja að verkefnið sé orðið fastur liður í starfi skólans. Nemendur læra svo á hljóðfærin sín og taka þátt í langspilsvöku síðar í vetur.



Jón Pétur danskennari er með námskeið í Flóaskóla þessa dagana. Allir nemendur taka þátt í dansæfingum og mikil dansgleði ríkir í Þjórsárverri. Danskennslunni lýkur með sýningu fyrir foreldra og forráðamenn í næstu viku.

Í febrúar er margt á döfinni. Nemenda- og foreldraviðtöl verða 11. febrúar. Nemendur í 7. bekk fara í skólabúðirnar að Reykjum í Hrótafirði ásamt nemendum úr samstarfsskólunum okkar í Uppsveitum Árnessýslu. Öskudagurinn verður haldinn hátíðlegur líkt og undanfarin ár, óhefðbundin dagskrá er í skólanum þann dag, kötturinn sleginn úr tunnunni og annað öskudagsfjör í boði. Undir lok mánaðar er svo vetrarleyfi í tvo daga.

Framundan á vorönn eru svo leikæfingar og leiksýningar á öllum stigum skólans. Elsta stig skólans ríður á vaðið, það hefur þegar hafið æfingaferli og áætlað er að þeirra verk verði sýnt í byrjun mars. Yngsta og miðstig taka svo við keflinu og þeirra sýningar eru á dagskrá rétt fyrir páska.

Það er mikilvæg hefð í Flóaskóla að setja upp leikverk, ætíð er mikil vinna og metnaður lagður í allan undirbúning og sýningar sjálfar. Þetta er dýrmætur þáttur af starfi skólans og mikilvægur þroski sem nemendur öðlast með þátttöku í þessari vinnu. Sannarlega viðfangsefni sem við getum verið stolt af í starfinu okkar. Vonandi sjá sem flestir sér fært að koma á sýningar hjá okkur þegar að þeim kemur.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Pórunn Jónasdóttir

Sönghátíð ZONE

Undankeppni fyrir USSS 2026



**Haldin fimmtudaginn
5 . mars 2026 kl. 18:00 í**

Þjósárveri.

Öll velkomin.

**Mætum og styðjum efnilega
tónlistarfólkið okkar.**

-Félagsmiðstöðin ZONE-



UNG MENNAHÚS VOR 2026



ALLIR VELKOMNIR FÆDDIR 2000-2009

JANÚAR
28.

ÍPRÓTTIR (INNI/ÚTI)
ÞJÓRSÁRVER KL: 19:30

FEBRÚAR
18.

PINGBORG KL 19:30
BLAK/BADMINTON MÓT

MARS
18.

PÍLU / POOL MÓT
ÞJÓRSÁRVER KL. 19:30

APRÍL
15.

ÍPRÓTTIR

PINGBORG KL 19:30



FACEBOOK: LEIKJAKVÖLD ÞJÓTANDA, FREKARI
UPPLÝSINGAR VERÐA SETTAR ÞAR INN

Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Uppskeruhátíð – Hrossakjötsát

Við ætlum að halda uppskeruhátíð félagsins í Vatnsholti föstudagskvöldið 27. febrúar næstkomandi með hrossakjötsáti og verðlaunaveitingum fyrir sýningarárið 2025. Verið er að vinna í að fá einhvern fróðleik/fyrirlestur á uppskeruhátíðina.

Verð á mann er 5500 krónur. Tilboð á barnum. Húsið opnar kl. 20:00. Öll velkomin.

Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899-5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins hrff.stjorn@gmail.com. Eins er hægt að fara inn á heimsíðu félagsins og finna þar frétt um uppskeruhátíð og fylla út formið sem þar er. Skráningu lýkur sunnudagskvöldið 23. febrúar. Þeir sem eiga kynbótahross sem fá viðurkenningar verða látnir vita og eiga þá þess kost að senda fulltrúa sinn til að taka við viðurkenningum.

Folaldasýning

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps, verður haldin sunnudaginn 8. mars 2026 í Sleipnishöllinni að Brávöllum Selfossi og hefst hún kl. 13:30.

Þátttökugjald er 2.500 kr. fyrir hvert folald og greiðist með reiðufé til gjaldkera.

Skráningafrestur rennur út kl. 20:00 föstudaginn 6. mars. Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi. Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899-5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins hrff.stjorn@gmail.com. Eins er hægt að fara inn á heimsíðu félagsins og finna þar frétt um folaldasýningu og fylla út formið sem þar er.

Áhorfendur velja með kosningu glæsilegasta folaldið. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, merfolöld og hestfolöld. Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl. 13:00

Aðalfundur

Aðalfundur HRFF verður haldin föstudagskvöldið 13. mars kl. 19:30 á Kríukránni. Félagið mun bjóða upp á hamborgara og Hörður vert verður með drykki á góðu verði á barnum. Aðalfundurinn sjálfur byrjar síðan sjálfur kl. 20:00. Á dagskrá verða þessi hefðbundnu aðalfundarstörf.

Myndir af kynbótahrossum

Á uppskeruhátíð þann 27. febrúar verða þau hross sem sýnd voru og eru í 3 efstu sætum innan síns aldursflokks verðlaunuð og kynnt. Af því óskum við eftir að ræktendur/eigendur hrossa sem sýnd voru vor/sumar 2025 að senda okkur myndir af þeim á netfangið okkar hrff.stjorn@gmail.com fyrir 22. febrúar næstkomandi.

Við munum láta eigendur þeirra hrossa sem eiga von á verðlaunum vita af því þannig að þeir geti mætt til afhendingar eða þá sent fulltrúa sína.

Stjórn HRFF

Heimasíðan okkar er hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com.
Erum líka á Fésbókinni



Frá Ungmennafélaginu Þjótanda



Aðalfundur

Aðalfundur Þjótanda verður haldinn í Þingborg fimmtudaginn 26. febrúar n.k. kl 19:00.

Í upphafi býður félagið fundargestum upp á pylsur og drykki, og fundurinn hefst svo í kjölfarið.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar.

Félagar á öllum aldri eru hvattir til að mæta til að taka þátt í umræðum og hafa áhrif á mótun og störf félagsins.

Þjótandaæfingar

Frá og með febrúar flytjast allar Þjótandaæfingar í Þingborg í ný uppgerðan íþróttasal.

Æfing fyrir 1. - 4. bekk er á föstudögum frá 12:00 - 14:00

Æfing fyrir 5.- 6. bekk er á miðvikudögum frá 14:00 - 15:30

Æfing fyrir 7. - 10. bekk er á miðvikudögum frá 15:30-17:00

Skráning og nánari upplýsingar eru hjá þjálfurum, Örvari Rafni Hlíðdal orvar@floaskoli.is og Guðmundu Bríeti Steindórsdóttur gbriets@gmail.com.

Frá nemendum í 10. bekk Flóaskóla

Við verðum á ferðinni um Flóahrepp fyrri hluta febrúar og tökum glöð við þeim dósum og flöskum sem þið megi missa.

Við erum að safna í ferðasjóð fyrir útskriftarferðinni okkar sem farin verður um mánaðarmótin maí/júní.

Hlökkum til að sjá ykkur og takk fyrir stuðninginn.



Þorrablót 60+ íbúa og brottfluttra íbúa

Kæru 60+ íbúar og brottfluttir, þá er komið að því að blóta saman Þorrann því Þorrablót 60+ verður haldið fimmtudaginn 19. febrúar kl.19:00 í Þingborg. Húsið opnar kl.18:00.

Boðið verður uppá gos, vatn, kaffi og konfekt en allt sterkara verðið þið að koma með sjálf.

Miðaverð er 8000 kr - á mann sem hægt er að greiða á staðnum (líka posi).

Skráningar þurfa að berast Helenu (s.899-6685) eða Höllu (s.699-0717, netfang: hallakjartansdottir@gmail.com)

í síðasta lagi sunnudaginn 15. febrúar.

Matseðillinn er af betri endanum frá Kjötbúrinu:

Hangikjöt kalt, sviðasulta fersk og súr, blóðmör súr, lifrarpylsa fersk og súr, súrir hrútspungar, svið, lundabaggi, harðfiskur og smjör, hákarl, kartöflur og uppstúf, rauðkál, grænar baunir, rófustappa, síld, baunasalat og rúgbrauð.

Yfir borðhaldinu verður spiluð lifandi tónlist. Fyrst munu þrír nemar við tónlistaskóla Árnesinga taka nokkur lög, Valdís Jóna frá Hjálmholti spilar á flautu, Jónína syngur og Lilja spilar á hljómborð. Svo tekur við hljómsveitin Díatónika, Hildur Petra í Ölvisholti á harmónikku og Þórir í Ásahrauni á bassa.

Hinn bráðfyndni og hnyttni annáll af Flóablótinu verður sýndur.

Endilega hnippið í þau 60+ sem eru lítið á Facebook eða ekki með tölvupóst.

Hlökkum til að sjá ykkur,
Nefndin

Hittingar 60+ íbúa og brottfluttra íbúa

Við ætlum að halda áfram að hittast á 3ja vikna fresti fram á vor og verða 2 hittingar í febrúar, miðvikudagana 4. og 25. febrúar. Þann 4. febrúar mun Kristján á Grund koma og sýna okkur hvernig hægt er að laga gamlar myndir með gervigreindinni og ef tími gefst segja okkur frá Kína þar sem hann hefur búið lengi.

Eins og áður er staðsetningin í Þjósárveri og tímasetningin milli 16:00 og 18:00. Húsið opnar kl 15:30.

Nefndin

Úrslit móta

Unglingamót HSK 11.janúar 2026 Selfoss

Helgi Reynisson

3.sæti	8,19 sek	60 m hlaup PB
2.sæti	1,75 m	hástökk SB
1.sæti	5,67 m	langstökk PB

Meistarmót Íslands 15-22 ára 17.janúar 2026 Reykjavík

Helgi Reynisson

14.sæti	8,11 sek	60 m hlaup pb.
2.sæti	1,87 m	Hástökk pb
2.sæti	4,10 m	Stangarstökk pb
1.sæti	5,83 m	Langstökk pb
2.sæti	1:44,43 mín	4x200 m hlaup pb

Aldursflokkamót HSK

11.janúar 2026 Selfoss

60m hlaup piltar 11 ára

3.sæti	9,88 sek	Þorkell Ólafur Þorbergsson PB
4.sæti	9,92 sek	Héðinn Fannar Höskuldsson PB
9.sæti	11,47 sek	Sölvi Þór Magnússon PB

Hástökk piltar 11 ára

3.sæti	1,18 m	Héðinn Fannar Höskuldsson PB
4.sæti	1,05 m	Þorkell Ólafur Þorbergsson PB
7.sæti	0,90 m	Sölvi Þór Magnússon PB

Langstökk piltar 11 ára

2.sæti	3,64 m	Héðinn Fannar Höskuldsson PB
4.sæti	3,22 m	Þorkell Ólafur Þorbergsson PB
6.sæti	2,82 m	Sölvi Þór Magnússon PB

Kúluvarp 2 kg piltar 11 ára

3.sæti	7,26 m	Héðinn Fannar Höskuldsson PB
7.sæti	6,68 m	Þorkell Ólafur Þorbergsson PB
9.sæti	5,99 m	Sölvi Þór Magnússon PB

60m hlaup piltar 12 ára

1.sæti	9,84 sek	Arnar Alex Reynisson PB
2.sæti	10,77 sek	Nikulás Tumi Ragnarsson PB

Hástökk piltar 12 ára

1.sæti	1,18 m	Arnar Alex Reynisson PB
2.sæti	1,10 m	Nikulás Tumi Ragnarsson PB
3.sæti	1,00 m	Sigurður Helgi Guðjónsson PB

Langstökk piltar 12 ára

1.sæti	3,77 m	Arnar Alex Reynisson PB
2.sæti	3,26 m	Nikulás Tumi Ragnarsson PB
3.sæti	2,95 m	Sigurður Helgi Guðjónsson PB

Kúlvarp 3 kg piltar 12 ára

1.sæti	6,95 m	Nikulás Tumi Ragnarsson PB
2.sæti	6,48 m	Sigurður Helgi Guðjónsson PB
3.sæti	5,77 m	Arnar Alex Reynisson PB

60m hlaup piltar 14 ára

7.sæti 10,39 sek Ottó Ingi Annýjarson

60m grind piltar 14 ára

3.sæti 13,09 sek Ottó Ingi Annýjarson PB

Hástökk piltar 14 ára

4.sæti 1,20 m Ottó Ingi Annýjarson PB

Langstökk piltar 14 ára

6.sæti 3,10 m Ottó Ingi Annýjarson PB

60m hlaup stúlkur 11 ára

3.sæti 10,29 sek Lilja Reynisdóttir PB

Hástökk stúlkur 11 ára

2.sæti 1,05 m Lilja Reynisdóttir PB

Langstökk stúlkur 11 ára

5.sæti 3,25 m Lilja Reynisdóttir PB

Kúlvarp 2 kg stúlkur 11 ára

3.sæti 6,15 m Lilja Reynisdóttir PB

60m hlaup stúlkur 14 ára

2.sæti 10,04 sek Guðbjörg Erla Annýjardóttir PB

Langstökk stúlkur 14 ára

2.sæti 2,82 m
Guðbjörg Erla Annýjardóttir PB

Kúlvarp 3 kg stúlkur 14 ára

3.sæti 4,48 m
Guðbjörg Erla Annýjardóttir PB





Dagskrá mánaðarins:

Fundur Sveitarstjórnar	3. feb
Þjótandaæfingar mið og eldri	4. feb
60+ Opið hús í Þjórsárveri	4. feb
Þjótandaæfing yngri	6. feb
Þorablót Flóamanna	7. feb
Stjörnuleikar í Vallaskóla	7. feb
Framfaralistinn - fundur	9. feb
Þjótandaæfingar mið og eldri	11. feb
Þjótandaæfing yngri	13. feb
Messa í Hraungerðiskirkju	15. feb
Fundur Sveitarstjórnar	17. feb
Ungmennahús	18. feb
Þorablót 60+	19. feb
Þjótandaæfing yngri	20. feb
Þjótandaæfingar mið og eldri	25. feb
60+ Opið hús í Þjórsárveri	25. feb
Aðalfundur Umf Þjótanda	26. feb
Þjótandaæfing yngri	27. feb
Uppskeruhátíð HRFF	27. feb
Sönghátíð ZONE	5. mars
Folaldasýning HRFF	8. mars
Aðalfundur HRFF	13. mars